

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 23. nóvember 2005.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 36/2001 um Seðlab. Ísl. (44. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fjallar um það að auglýsa skuli stöðu seðlabankastjóra og að sett verði á laggirnar sérstök peningamálanefnd.

Það eru 1., 3. og 4. gr. frumvarpsins sem varða stofnun svonefndrar peningamálanefndar sem myndi taka meiriháttar ákvarðanir varðandi peningamálastefnu bankans. Í nefndinni eiga að sitja, skv. frumvarpinu, auk bankastjórnar, þrír aðrir yfirmenn bankans. Viðskiptaráð sér enga ástæðu til að lögfesta þessi ákvæði enda er bankastjórnn treystandi til að taka ákvörðun um það sjálf í hve miklum mæli og með hvaða hætti hún leitar leiðsagnar annarra starfsmanna bankans. Telur ráðið að hér sé um of mikið inngrip í innanstofnunar málefni bankans sem skerði sjálfstæði hans.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti, þ.e. 2. gr. þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson